



Ráðhús Reykjavíkur - Skrifstofa borgarstjórnar
b.t. Helgu Bjargar Laxdal, skrifstofustjóra
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. janúar 2017
Tilvísun: 2017010117/25.24

Málsnr.: R17010133
Skjalasafn Ráðhúss
27. jan. 2017
Bréfalykill: 6200

Efni: Erindi Hraunavina og Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands varðandi Suðvesturlínur.

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. janúar 2017 þar sem bréfi Hraunavina og Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands dags. 3. janúar 2017 er sent Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) til meðferðar. HER hefur ekki fengið mál er varða framkvæmdir við Suðvesturlínur til umsagnar síðan 2009. HER hefur í umsögnum sínum um framkvæmdir vegna línulagna á vatnsverndarsvæðinu, kerfisáætlun Landsnets og í gegnum setu í Framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæðisins tekið afgerandi afstöðu vegna slíkra framkvæmdum hvað varðar mengunarhættu þ.e. mögulegri hættu á mengun grunnvatns. Umsögn sem gerð var 2009 um frummatsskýrslu um Suðvesturlínur á fyllilega við í dag en þar voru dregin fram eftirfarandi atriði:

1. Fyrirhuguð framkvæmd getur haft áhrif á vatnsból þrátt fyrir öryggiskröfur og mótvægisáðgerðir. Framkvæmd vatnsverndar getur farið í uppnám, einkum inni á grann- og brunnsvæði í námunda við og með aðrennsli að vatnsbólunum. Stóraukin umferð vinnutækja getur leitt til ófyrirséðra mengunaróhappa sem í þessari nálægð gætu mengað vatnsból. Framkvæmdir og rask sem fylgja uppbyggingu og þjónustu við þessar háspennulínur svo nærri vatnsbólum skapar óhjákvæmilega hættu fyrir öryggi vatnsöflunar.
2. Tryggja þarf að gæði og efnasamsetning galvanhúðar á háspennumöstrum og mikilvægt er rétt sé staðið að geymslu og flutningi þeirra. Með því að tryggja mestu gæði galvanhúðar háspennumastra má minnka mengunarhættu og því telur HER að framkvæmdaaðili þurfi að leggja fram gögn sem staðfesta að notkun blýs og annarra þungmálma hafi verið lágörkuð í öllu framleiðsluferli og geymslu og flutningur afurða eftir húðun hafi verið fullnægjandi til að tryggja gæði sinkoxíðhúðar. Gögnin þurfa að vera staðfest af viðurkenndum eftirlitsaðila eða stofnun.
3. Gagnrýnt var að ekki var gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum við niðurrif loftlína og mastra. Þar sem hluti niðurrifs fer fram inn á vatnsverndarsvæði og jafnvel brunnsvæði vatnsverndarsvæðis er nauðsynlegt að viðhafa annað verklag þar. Við fellingu mastra er hætta á þungmálmamengun í jarðvegi. Til að takmarka það svæði sem mengun fellur á væri æskilegt að taka möstur niður í hlutum með krana þar sem því verður við komið. Þá þyrfti að nota jarðvegsdúk eða aðra hlíf sem auðvelt er að fjarlægja til að koma í veg fyrir að mengandi efni komist í jarðveg. Þess skal einnig gætt að búið sé að fjarlægja það sem hægt er af mögulegum mengunarvöldum af möstrunum áður en þau eru felld, þar sem það reynist nauðsynlegt.
4. Mótvægisáðgerðir vantaði vegna hættu á tæringu á möstrunum vegna brennisteinsvetnismengunar frá Helligheiðavirkjun. Að mati skýrsluhöfunda



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

frummatsskýrslunnar var ekki nauðsynlegt að gera grein fyrir slíkum aðgerðum þar sem OR ætlaði að setja upp hreinsivirki til að draga úr útblæstri virkjunarinnar. HER telur að þrátt fyrir að dregið hafi verið úr losun með uppsetningu hreinsivirkis sé nauðsynlegt að vera með mótvægisáðgerðir enda nauðsynlegt að gæta ítrustu varúðar inni á vatnsverndarsvæðinu. Æskilegast væri að lakka möstur með sýruheldu lakki.


5. Vakta þarf háspennumöstur á vatnsverndarsvæðum til að geta gripið inn í ef mengunar verður vart. Reglulega þyrfti að fylgjast með ástandi mastra og gróðurs í kringum þau, þá er unnt að grípa til viðhalds og viðgerða á möstrum sem farin eru að flagna og fjarlægja mengaðan jarðveg og gróður ef þörf er á.


Í erindi Hraunvina er eingöngu fjallað um sjálfa línulögnina en ekki minnst á niðurrif lína sem fyrir eru og er umfangsmikil framkvæmd inni á vatnsverndarsvæðinu. Skv. upplýsingum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hefur ekki komið inn nein ný umsagnarbeiðni til þeirra vegna Suðvesturlína en Hafnarfjarðarbær hefur breytt aðalskipulagi til að gera ráð fyrir línulögninni þar sem hún fer yfir þeirra svæði. Garðarbær hefur lokið við deiliskipulag fyrir sitt svæði í Heiðmörk, deiliskipulag er enn í vinnslu hjá Reykjavíkurborg. Hins vegar liggur fyrir umsagnarbeiðni hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis vegna tengivirkis við Sandskeið Sem Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu mun taka til umsagnar á næstu dögum. Ekki verður rakið hér aðrir þættir sem vert er að hafa í huga er varða vatnsverndarsvæðið og mótvægisáðgerir s.s. umferð á og við svæðið, ástand vega og möguleika til hringaksturs á svæðinu, aukna útivist og afþreyingu; ferðamannastaði, reiðstíga svo e-ð sé upp talið.

Ný samþykkt um vatnsvernd, nr. 515/2015 er í gildi og ný afmörkun vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins var samþykkt samfara svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Markmið samþykktarinnar er að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á svæðinu. Með nýju skipulagi vatnsverndar hafa sveitarfélögin nú öflugra og nákvæmara tæki til að standa vörð um þau gæði sem heilnæmt og ómeðhöndlað neysluvatn eru. Auk þess hafa heilbrigðisnefndirnar nú í höndunum bætt heilbrigðissamþykkt til að framfylgja. Komi til framkvæmda við línulagnir inni á vatnsverndarsvæðinu veitir HER starfsleyfi fyrir slíkum framkvæmdum og mun gæta ítrustu krafna til að koma í veg fyrir mengun. Jafnframt fagnar HER allri umræðu um þetta mikilvæga svæði höfuðborgarbúa og þau miklu verðmæti sem felast í neysluvatni af hæsta gæðaflokki sem öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa sameinast um að vernda til framtíðar og fest er í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Arný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

09. jan. 2017

Bréfalykill: 6200

Ágæti fulltrúi almennings á höfuðborgarsvæðinu

3. janúar 2017

Vatnsból höfuðborgarsvæðisins í hættu

Hraunavinir og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands vilja benda þér á þá alvarlegu ógn sem nú steðjar að vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins þar sem fyrirhuguð er bygging tveggja nýrra háspennulína af stærstu gerð, yfir viðkvæmasta hluta vatnsverndarsvæðanna suður af Heiðmörk, skammt sunnan við sjálf vatnstökusvæðin. Nýverið samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar línulögnina og það vekur hjá okkur spurningar um það hvort kjörnir fulltrúar almennings og embættismenn í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu hafi ekki áttað sig á hættunni. Við hvetjum þig til að ígrunda vel afstöðu þína til þessa máls og skoða með opnum huga aðra möguleika til að tryggja annars vegar öryggi vatnsbólanna og hins vegar nauðsynlega raforkuflutninga.

Áformaðar háspennulínur eru í, um og innan við, 2 km fjarlægð frá vatnsbólunum í Vatnsendakrikum og Kaldárbotnum og um 4 km frá Gvendarbrunnum. Auk þess munu línurnar liggja fast við framtíðarbrunnsvæði Hafnirðinga í Mygludölum. Þorri grunnvatnsins berst úr suðri frá Bláfjallasvæðinu til brunnsvæðanna (Sjá meðfylgjandi kort) sem eru í sprungurein Krýsuvíkureldstöðvarinnar þar sem hún liggur um Heiðmörk. Nyrðri hluti sprungureinarinnar er sýnilegur þar sem sprungurnar eru opnar til yfirborðs en syðri hlutinn er hulinn ungum hriplekum hraunum. Heiðmerkursvæðið er af þessum sökum einstaklega viðkvæmt fyrir hverskyns mengun sem auðveldlega getur borist niður í grunnvatnið og það ekkert síður á hraunasvæðunum þó svo að sprungur sjáist þar ekki á yfirborði. Reyndar má furðu sæta að strangari hömlur hafi ekki verið settar á umferð farartækja um svæðið í ljósi hugsanlegrar olíumengunar. Ljóst er að öll olía og önnur mengandi efni sem berast til grunnvatns sunnan við brunnsvæðin munu berast í vatnsbólin fyrir eða síðar.

Bygging tveggja 400 kV háspennulína 16 km leið um grannsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins, þar af 10 km yfir viðkvæmasta hluta grannsvæðanna er stóralvarlegt mál. Ljóst er að mengunarslys meðan á framkvæmdum stendur gæti spillt vatnsvernd og vatnstöku á stóru svæði um langan tíma. Auk þess ríkir algjör óvissa um áhrif á vatnsbólin vegna sinkmengunar frá háspennumöstrum.

Bygging háspennulínanna er stórframkvæmd. Þar er m.a. notaður fjöldi vinnutækja á borð við liðtrukka, vörubíla, beltagröfur, steypubíla og krana þar sem hvert tæki um sig er með nokkur hundruð lítra olíutank og því má lítið út af bregða ef slys ber að höndum.

Sérstök ástæða er til að benda á að í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s. br. Segir m.a. um grannsvæði:

"Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti."
Það má öllum vera ljóst að háspennumastur af stærstu gerð er bygging.

Þá skal bent á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta eldhraun sérstakrar verndar og ekki má raska þeim nema brýna nauðsyn beri til.

Línulagning yfir hraun í Húsfellsbruna og bygging tengivirkis í hrauninu í Almenninum vestan Krýsuvíkurvegar munu jafnframt hafa í för með sér afar neikvæð áhrif á náttúru og ásýnd þessara svæða. Á síðustu áratugum hafa verið framin alvarleg landspjöll á hraunum og hraunamyndunum í upplandi höfuðborgarsvæðisins, m.a. vegna efnistöku, vegagerðar og nýrra byggingasvæða. Iðulega hefur verið gengið fram af meira kappi en forsjá í þessum efnum. Þetta svæði er nú að verða eitt vinsælasta útivistarsvæði íbúa höfuðborgarsvæðisins og gesta þeirra og er því mál að linni hvað

varðar óþarfa eyðileggingu hrauna.

Hraunavinir og Náttúruverndasamtök Suðvesturlands setja fram ákveðnar efasemdir um nauðsyn lagningar Sandskeiðslína. Þær línur eru hluti af stærri framkvæmd Landsnets sem ber nafnið Suðvesturlínur og má benda á að Héraðsdómur Reykjaness kvað nýverið upp dóm um að unhverfismat Suðvesturlína sé haldið slíkum annmörkum að óheimilt hafi verið að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 á grundvelli þess. Hæstiréttur hefur einnig fellt bæði eignarnám og leyfisveitingu Orkustofnunar úr gildi vegna þess að aðrir valkostir en háspennulína hafa ekki verið skoðaðir með raunhæfum hætti. Þá verður ekki annað séð en að bygging tveggja 400 kV lína sem mun tvöfalda núverandi flutningsgetu, sé langt fram yfir það sem fyrirsjáanleg þörf krefur. Þegar framkvæmdin var kynnt í upphafi var gert ráð fyrir stórum álverum á Keilisnesi og í Helguvík auk stækkunar álversins í Straumsvík. Ekki hefur orðið af þessum áformum en þau voru forsenda þarfagreiningar um úrbætur á dreifikerfi raforku til Suðurnesja og því er engin sýnileg þörf á Sandskeiðslinum.

Einnig er ljóst að virkjunarkostir í nýtingaflokki rammaáætlunar gefa ekki tilefni til byggingar þessara lína. Styrking og stækkun núverandi Suðurnesjalínu og nýting raforkuframleiðslu heima í héraði á Suðurnesjum uppfyllir bæði orkuþörf almennings og venjulegrar atvinnustarfsemi á svæðinu um fyrirsjáanlega framtíð. Eins er flutningseta núverandi lína, Hamraneslínu 1 og 2 ásamt Búrfellslínu 3B, nægjanleg fyrir íbúa Hafnarfjarðar, núverandi starfsemi álvers í Straumsvík og aðra atvinnustarfsemi. Framkvæmdir við Suðvesturlínur yrðu sóun á almannafé og líklegt að almennir neytendur þyrftu að bera kostnaðinn með hækkun á rafmagnsverði.

Við ítrekum loks hvatningu okkar til þín ágæti fulltrúi okkar almennings, og biðjum þig að kynna þér allar forsendur, áhættuþætti og rök varðandi þetta mál.

Það er ekki ásættanlegt að kjörnir fulltrúar íbúa, samþykki framkvæmdir sem geta hæglega leitt til þess að neysluvatni almennings verði spillt.

Fylgiskjöl:

Meðfylgjandi kort eru fengin af heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur og úr skýrslu Verkfræðistofunnar Vatnaskila frá árinu 2015: Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð um heildarendurskoðun.

Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu (Vatnsvernd.pdf): Nýtt vatnsverndarkort frá 2015.


Líkan af grunnvatnsstraumum (Vatn_straumar_línur.jpg): Inn á kortið hefur verið bætt legu fyrirhugaðra Sandskeiðslína (svört brotin lína) og legu Hamraneslína (rauð lína). Neysluvatnsborholur eru sýndar með rauðum lit. Glögggt má sjá hvernig allt grunnvatn streymir úr suðri undir fyrirhugað línustæði áður en það berst í vatnsbólin.

Kort af Vatnsendakrikum (Vatnsendakrikar.jpg): Lega Sandskeiðslína hefur verið merkt með svartri brotinni línu. Aðstreymi grunnvatns til Vatnsendakrika liggur undir línustæði Sandskeiðslína og samkvæmt líkani er vatnið aðeins um 4 sólarhringa (100 klst) að berast þaðan í vatnsbólin.

Öllum framkvæmdum þarf að velja stað þar sem grunnvatnsstramar liggja frá vatnsbólunum.

Með bestu kveðjum
fyrir hönd Hraunavina og Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands

Ragnhildur Jónsdóttir, Hraunavinir og Helena Mjöll Jóhannsdóttir, NSVE



362500

365000

367500

370000

400000

397500

395000

392500

390000

Ellidavatn

B-07

B-06

Strichgrönn

Höfnstraumur


Serfall

Annúkar

Dauðadalir

Övissá um löng svæði tilgjafar
Langahló

65-2














 Samtök veitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

VATNSVERND Á HÓFUÐBORGARSVÆÐINU

Afmörkun vemdarsvæða vatnsbóia innan lögsagnarumdæra Mosfellsbæjar, Reykjavíkurbogar, Seltjarnarnessbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.


Skýringar:

-  Brunnsvæði
-  Grænnsvæði
-  Fjarsvæði
-  Öryggissvæði vegna grunnvatns
-  Öryggissvæði vegna yfirborðsvatns
-  Sveitarfélagsmörk (Mörk geta verið óviss)
-  (Landmælingar Íslands, 2012, IS 50V)
-  Vegir
-  Háspennulínur (>132 kV)

Íritakerfi: VGNETS3
 Grunnkort: Loftmyndir ehf.
 Útgáfa: 20.02.2015
 Kortagerð: Vatnaskili ehf.
 Mættivæði: 1:75.000
 Blaðstærð: A2

Ítarleg umfjöllun um gerð uppdráttar og samþykkingar um vemdarsvæði vatnsbóia er að finna í efnisgerðinni.


Sjórhópur um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Greinargerð um heildarendurskoðun, Vatnaskili, skýrsla nr. 15.04, febrúar 2015.




Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu sem samanstendur af samþykkt um vemdarsvæði vatnsbóia og afmörkun þeirra samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hölðustuhamtð og mengunarsvæðir, 12. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn hefur verið auglýst og samþykkt af sveitarstjórnunum og heilbrigðisnefndum á svæðinu.


Gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal frestast í allt að þrjú á eftir staðfestingu umhverfisráðherra sbr. kafla 7.2 í greinargerð.


 Samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur
 21. apríl 2015.


 Samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarness
 13. maí 2015.


 Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogis
 17. mars 2015.


 Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar
 19. mars 2015.


 Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar
 13. maí 2015.


 Samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar
 6. maí 2015.